

ERINDISBRÉF

Stjórnar Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands (HSSA)

Stjórnskipuleg staða

Stjórn HSSA heyrir beint undir Bæjarstjórn Hornafjarðar og annast í umboði hennar, yfirstjórn og stefnumótun allrar heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í sveitarfélaginu. Ráðið tilnefni úr sínum röðum alla fulltrúa í þriggja manna stjórn Gjafa- og minningarsjóðs Skjólgarðs. Tilnefningarnar koma til staðfestingar í bæjarstjórn.

Framkvæmdaráð Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands (HSSA), sem í eiga sæti hjúkrunarstjórar, yfirlæknir og framkvæmdastjóri HSSA hefur með höndum daglega stjórnun og rekstur heilbrigðis- og öldrunarþjónustunnar, skv. sérstöku erindisbréfi bæjarstjóra.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í stjórn HSSA eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga*. Bæjarstjórn kys ráðinu formann og varaformann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu stjórnar HSSA, skal sá sem tilnefndi viðkomandi ráðsmann einnig tilnefna varamann hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörtímabil stjórnar HSSA er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og þeir sem sitja í framkvæmdaráði HSSA rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Einn fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar, kjörinn á almennum starfsmannafundi, hefur að auki seturétt á fundum ráðsins með sömu réttindum og áðurgreindir. Þá er ráðinu heimilt að kalla til sín á fundi, sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

Hlutverk og verksvið

Meginhlutverk stjórnar HSSA er að fylgja eftir stefnu sveitarfélagsins varðandi heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Þá gegnir ráðið hlutverki stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss sbr. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og hlutverki öldrunarnefndar sbr. lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Meðal verkefna ráðsins er:

- ◆ að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast heilbrigðis- og öldrunarmálum byggðarlagsins
- ◆ að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið ráðsins
- ◆ að fylgjast með framkvæmd þjónustusamnings um heilbrigðis- og öldrunarþjónustuna
- ◆ að gera tillögur að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar um útgjaldaliði heilbrigðis- og öldrunarmála
- ◆ að fara með stjórn Gjafa- og minningarsjóðs Skjólgarðs
- ◆ að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur ráðinu

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda Bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í IV. kafla í *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar* og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Stjórn HSSA kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi ráðsins að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir ráðsmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Ráðið getur auglýst einstaka fundi sína opna, en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess, sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur ráðið staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra málefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Formaður ráðsins stýrir fundum þess.

Framkvæmdastjóri HSSA sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og -tími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum (varamönnum í forföllum aðalmanna) og öðrum sem seturétt eiga á fundum heilbrigðis- og öldrunarráðs. Boðun funda skal fara

fram með tryggilegum hætti svo öruggt sé að fundarboð hafi borist öllum í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Fundargerð seinasta fundar skal send með fundarboði.

Framkvæmdastjóri HSSA færir fundargerð hvers fundar og er ábyrgur fyrir að hún sé lesin upp í lok fundar og staðfest af viðstöddum fundarmönnum. Fundargerð skal greina númer fundar, skv. talningu ákveðinni af bæjarstjórn, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal mál sem tekin eru fyrir og þess sérstaklega getið ef mál er tekið fyrir utan dagskrár fundarins. Lýsa skal erindum með meginefni þeirra, aðilum og dagsetningum bréfa.

Stjórn HSSA afgreiðir mál með samþykktum, ályktunum og ákvörðunum. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Fundargerð má hvort heldur sem er færa í gerðarbók eða beint í tölvu, en sérstaklega skal gætt ákvæða í *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar*. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana í gerðarbók og á útprentun tölvufærðrar fundargerðar ef því er til að skipta. Framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs sér um að undirrituð fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar Bæjarráðs Hornafjarðar.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi.

Ráðsmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftirfylgni

Stjórn HSSA og framkvæmdaráð HSSA hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni heilbrigðis- og öldrunarþjónustunnar. Formaður og aðrir stjórnarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki er alfarið á verksviði ráðsins að framfylgja.

Réttindi og skyldur ráðsmanna

Um réttindi og skyldur stjórnarmanna í HSSA gilda ákvæði *Sveitarstjórnarlaga* og *Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar* eftir atvikum.

Meðlimum stjórnarinnar er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann eða framkvæmdastjóra vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver stjórnarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til framkvæmdastjóra a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Stjórnarmenn skulu hafa hag skjólstaðinga heilbrigðis- og öldrunarþjónustunnar sérstaklega að leiðarljósi við störf sín en gæta þess jafnan að samræmi sé í afgreiðslu mála. Í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi stjórnar HSSA eru ráðsmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og skráðum reglum. Þá skulu þeir virða í hvívetna *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Meðlimir stjórnar HSSA og aðrir sem fundi þess sitja eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu á vegum ráðsins og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 ráðsmanna, hvort sem þau varða einka- eða almanna-hagsmuni.

Stjórnarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi. Stjórnarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal heilbrigðis- og öldrunarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið ráðsins, sérstaklega þó *lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007* og *lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999*. Þá skal nefndin fylgja *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar* eins og hún er hverju sinni.

Meðan heilbrigðis- og öldrunarþjónustan er í höndum sveitarfélagsins á grundvelli þjónustusamnings, skal ráðið einnig fylgja samningum, samþykktum og öðrum sérákvæðum sem um veitingu þjónustunnar gilda hverju sinni.